

1876

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 318/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Lindu Hrönn Reynisdóttur**

(Örn Clausen hrl.).

Ölvunarakstur. Svipting ökuréttar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1993. Krefst hann þess, að refsing verði þyngd og ákærða svipt ökurétti. Málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákærðu og aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvalds, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er rétt að staðfesta hann að öðru leyti en því, að svipta ber ákærðu ökurétti í fjóra mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa samkvæmt 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 26. gr. laga nr. 44/1993.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Ákvæði héraðsdóms um refsingu og sakarkostnað í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærða, Linda Hrönn Reynisdóttir, er svipt ökurétti í fjóra mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí 1993.**

Ár 1993, fimmtudaginn 1. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-355/1993: Ákærvaldið gegn Lindu Hrönn Reynisdóttur, sem tekið var til dóms 28. júní sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 1. júní sl., á hendur ákærðu, Lindu Hrönn Reynisdóttur, Jórufelli 2, Reykjavík, kt. 310773-4419, „fyrir að aka bifreiðinni R-37173 að morgni sunnudagsins 14. júní 1992 undir áhrifum áfengis um bifreiðastæði við hús nr. 8 við Furulund á Akureyri.

Þetta telst varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar öku-réttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga“.

*Málavextir eru þessir:*

Sunnudaginn 14. júní 1992 kl. 7.40 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að ölvaður ökumaður væri að fara af stað á bifreið frá bifreiðastæði við fjölbýlishúsið að Furulundi 8 þar í bæ. Lögreglumenn fóru á vettvang og sáu þar bifreiðina R-37173, sem er rauð Skoda-bifreið, og virtist lögreglumönnum, að bifreiðinni hefði verið ekið frá bifreiðastæði og út á akstursbrautina. Sat ákærða undir stýri bifreiðarinnar og neitaði að ræða við lögreglumenn og læsti öllum dyrum bifreiðarinnar. Segir í lögregluskýrslu, að tekist hafi að opna bifreiðina með því að spenna upp litla hliðarúðu, og hafi þetta verið gert sökum þess, að straumlyklar bifreiðarinnar voru í straumlás, og töldu lögreglumenn hættu á, að ákærða héldi áfram akstri bifreiðarinnar. Ákærða var síðan handtekin og færð í handjárn, og síðan var tekið úr henni blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærðu vera 1,27‰.

*Niðurstaða.*

Ákærða hefur kannast við að hafa sest í ökumannssæti bifreiðar sinnar í þeim tilgangi að aka burt á henni. Ákærða hefur neitað því að hafa haft kveikjulásslykla bifreiðarinnar í fórum sínum, en hefur kannast við að hafa reynt að gangsetja hana með því að tengja saman víra í mælaborði. Þá hefur ákærða kannast við að hafa stigið á tengslin, og hafi bifreiðin runnið u. þ. b. eina billengd við það. Þessi framburður ákærðu fær stoð í framburði vitnanna Bjarna, Sævars og Steinunnar. Hins vegar hafa lögreglumenn þeir, sem afskipti höfðu af ákærðu, talið sig hafa séð kveikjulásslykla

í kveikjulás bifreiðarinnar. Verður, eins og hér stendur á, að telja þetta atriði ósannað, enda vettvangsrannsókn lögreglumannanna að þessu leyti ófullkomin.

Þegar lítið er til þess, að það var eindregin ætlun ákærðu að aka bifreiðinni, og jafnframt, að bifreiðin rann a. m. k. eina billengd úr bifreiðastæðinu fyrir tilstilli ákærðu, sem samkvæmt gögnum málsins var undir áhrifum áfengis, verður að telja sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, sem henni er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsí-ákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga á hendur ákærðu þykir mega horfa til þess, að tilraunir ákærðu til þess að koma bifreiðinni í gang voru ekki líklegar til að bera árangur, og þá var ólíklegt, að ákærða hefði komist langt á bifreiðinni, sem samkvæmt vitnaframburði var stýrslæst.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af framansögðu 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærða varðhaldi í sex daga.

Í ákæru er þess krafist, að ákærða verði svipt ökurétti, með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af atvikum máls þessa, sem rakin hafa verið hér að framan, og því, að ákærða hefur ekki áður gerst sek um sams konar brot, þykir með vísan til 2. málsliðar 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 26. gr. laga nr. 44/1993, mega sleppa ákærðu við sviptingu ökuréttar.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., er þykja hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Linda Hrönn Reynisdóttir, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í sex daga.

Ákærða er sýknuð af kröfu ákæruvalds um sviptingu ökuréttar.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 35.000 krónur.